



Bókamerki

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að nemendur kynnist grenndarskógi og ólíkum tegundum lauftrjáa.

Eykur þekkingu á umhverfinu og eflir hæfni í greiningu á aðstæðum.

Námsgreinar: Náttúrufræði, íslenska, stærðfræði og upplýsingamennt.

Aldur: Öll aldursstig.



VERKLÝSING

Nemendur búa sér til lófabók og fá þau fyrir máli að safna nokkrum mismunandi laufblöðum sem ekki eru stærri en svo að hægt væri að smeygja þeim inn í lófabókina. Bækurnar settar í pressu í u.þ.b. viku.

Viku síðar er laufblöðum raðað á pappírrenning og þau síðan límd föst. Farið yfir það af hvaða tegundum laufblöðin eru og í framhaldi geta nemendur merkt á verkefni sitt hvaða tegundir eru á bókamerki þeirra.

Skreytt og merkt eftir smekk hvers og eins.

Nemendur plasta renning renning sinn með bókaplasi eða í plastvél, ef það er í boði. Bókaplasið er mýkra og meðfærilegra.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Lófabók, laufblöð, mislitir pappírrenningar (A4-blöð skorin í fernt), límstifti. Bókin *Ég greini tré* eftir Sveinbjörn Markús Njálsson (Námsgagnastofnun, 1999).

Eitthvað til að pressa með og plöstunurvél eða bókplast.

Einfalt og skemmtilegt. Gott að gera í upphafi vetrar því þá er þörf fyrir bókamerki.